

**Sp.**

**619. Svar**

**[235. mál]**

fjármálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um söluskatt af íslenskum bókum.

Til svars fyrirspurninni skal tekið fram að sala bóka- og ritfangaverslana á íslenskum bókum er ekki aðgreind á söluskattskýrslu frá annarri sölu. Af þessum sökum verður að áætla þær tekjur sem hér um ræðir. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur verið áætlað að söluskattstekjur af íslenskum bókum á árinu 1987 hafi numið 180 millj. kr. Á sama hátt er áætlað að tekjur þessar verði um 220 millj. kr. á árinu 1988.